

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

*Efstaleiti RÚV-reitur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 21. júlí 2016, deiliskipulag sem nær til reita 1.745.4, 1.745.0 og 1.745.1 og afmarkast af Listabraut í norðri, Bústaðavegi í suðri, Efstaleiti í vestri og Háaleitisbraut í austri. Svæðið er í dag 5 lóðir, Efstaleiti 1, 3, 5, 7 og 9. Í tillögunni felst uppbygging á lóð RÚV við Efstaleiti og samliggjandi lóðum innan reitsins með þéttingu og gæði byggðar að leiðarljósi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld brott auglýsing nr. 782/2016 um nýtt deiliskipulag Reykjavíkurborgar sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 16. september 2016.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 27. september 2016.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 29. september 2016